

Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

38. fundur Stjórnar B.S. bs. haldinn miðvikudaginn 13. febrúar 2019

kl. 17:00 í fundarsal BS bs. Hringbraut 125.

Mættir eru: Friðjón Einarsson, Birgir Örn Ólafsson, Andri Örn Víðisson, Trausti Arngrímsson, Haraldur Helgason, Jón Guðlaugsson slökkviliðsstjóri og Sigurður Skarphéðinsson varaslökkviliðsstjóri.

Fundargerð.

Formaður setur fundinn.

- Afhending á nýjum slökkvibíl.
 - Ný slökkvibifreið er komin í skip og er á leið til landsins og er áætlað að hún komi til landsins 19. Feb. Verður hún komin fljótlega eftir það til BS. Er áætlað að hún verði komin í fulla notkun seinni partinn í mars.
- Staða byggingarframkvæmda á nýrri slökkvistöð.
 - Slökkviliðsstjóri fer yfir stöðu byggingarframkvæmda. Verkfundagerðir 6-9 lagðar fram og samþykktar. Framkvæmdir eru lítillega á eftir áætlun.
- Lántaka.
 - Slökkviliðsstjóra heimilt að taka skammtímalán frá LS vegna byggingar nýrrar slökkvistöðvar samkvæmt verkáætlun.
- Lífeyrisskuldbindingar
 - Samningur um uppgjör lífeyrisskuldbindinga BS lagðar fram og samþykktar. Samtals kr. 24.266.261 sem greiðast á næstu þremur árum.
- Staða fjármála.
 - Samkvæmt áætlun.

Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

Hringbraut 125, 230 Reykjanesbæ.

6. Skýrsla slökkviliðsstjóra.

- Auglýstar voru 2 stöður verkefnisstjóra í eldvarnaeftirliti og bárust 2 umsóknir. Gengið hefur verið frá ráðningu Rúnar Már Bjarnason og Gunnar Jón Ólafsson.
- Ársreikningur er í vinnslu.
- Slökkviliðsstjóri staðfestir að ný brunavarnaáætlun er í vinnslu og samkvæmt áætlun og verður lögð fram í júní n.k.

7. Önnur mál.

- Slökkviliðsstjóra falið að ganga frá starfslokum fyrrverandi starfsmanns.

Fundi slitið kl. 18:20